



ÚRSKURÐARNEFND
VELFERÐARMÁLA

ÁRSSKÝRSLA
2022

Úrskurðarnefnd velferðarmála

Katrínartúni 2

105 Reykjavík

Sími: 551-8200

postur@urvel.is www.urvel.is

Umsjón og ritstjórn: Guðrún Agnes Þorsteinsdóttir formaður

Umbrot og prentun: Prentmet Oddi

Efnisyfirlit

Ávarp formanns	4
Skipan úrskurðarnefndar velferðarmála.....	6
Málafjöldi	7
a) Fjöldi mála 2022	7
b) Fjöldi mála 2016–2022.....	8
Málaflokkar	9
a) Almannatryggingar.....	9
b) Atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir	12
c) Barnavernd	13
d) Félagsþjónusta og húsnæðismál.....	14
e) Fæðingar- og foreldraorlof.....	16
f) Greiðsluaðlögun	17
Málsmeðferðartími.....	18
Ýmsar upplýsingar	19
a) Fjármál	19
b) Umboðsmaður Alþingis	20
c) Ýmsar tölfraðilegar upplýsingar	21
1. Afgreiðsla heildarfjölda mála	21
2. Niðurstaða úrskurða eftir stjórnvöldum.....	22

Ávarp formanns

Frá stofnun úrskurðarnefndar velferðarmála árið 2016 til með árinu 2022 hafa nefndinni borist samtals 3.975 kærur, skipting þeirra milli málaflokka er á eftirfarandi hátt: almannatryggingar, 2.484 mál, atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir, 701 mál, barnavernd, 220 mál, félagsþjónusta og húsnæðismál, 380 mál, fæðingar- og foreldraorlof, 104 mál og greiðsluaðlögun, 86 mál. Mála fjöldi getur sveiflast milli ára, sá málaflokkur sem þó er alltaf frekar stöðugur og er jafnframt stærstur ár hvert, eru mál er varða almannatryggingar.

Á árinu 2022 fækkaði málum í samanburði við árið á undan, það skýrist meðal annars af því að á meðan Covid geisaði undanfarin ár fjölgaði einstaklingum sem óskuðu eftir greiðslu atvinnuleysisbóta svo og þeim sem leituðu aðstoðar hjá félagsþjónustunni, í beinu framhaldi af því fjölgaði kærum til nefndarinnar á þessum tíma.

Afgreidd mál á árinu voru samtals 696 og var afgreiðsla þeirra með eftirfarandi hætti: 55% mála voru staðfest, í 11% mála var ákvörðun felld úr gildi, í 11% mála var málum vísað frá og í 3% mála var niðurstöðu breytt. Kæra var afturkölluð í 17% mála, framsend í 2% tilvika og 1% mála varðaði málshraða hjá stjórnvöldum.

Umboðsmaður Alþingis sendi úrskurðarnefndinni bréf vegna 24 mála á árinu vegna kvartana sem honum höfðu borist vegna mála sem höfðu verið til meðferðar hjá nefndinni. Ellefu málum lauk án aðgerða og átta málum var ólokið í lok ársins. Einu máli lauk með ábendingu til nefndarinnar og fjögur mál voru tekin upp aftur af nefndinni. Umboðsmaður afgreiðir einnig mál er varðar kvartanir vegna úrskurða nefndarinnar án þess að hann sjái ástæðu til að nefndin komi að málinu, í þeim tilvikum er ekki gerð athugasemd við málsmeðferð nefndinnar. Um 50 mál voru afgreidd á þann hátt, mikill meirihluti þeirra mála vörðuðu almannatryggingar.

Málsmeðferðartími skiptir miklu máli fyrir kærendur, það er hversu langan tíma afgreiðsla máls tekur hjá nefndinni, frá því að kæra berst og þar til úrskurður er kveðinn upp. Í ljósi þess eru gerðar þær kröfur til nefndarinnar að kveða upp úrskurð svo fljótt sem kostur er og að jafnaði innan þriggja mánaða. Ljóst er að meðferð mála hefur aldrei frá stofnun nefndarinnar tekið styttri tíma og árið 2022 eða að meðaltali 3,2 mánuði. Til samanburðar var meðaltalið 4,1 mánuðir árið 2021, 4 mánuðir árið 2020, 3,46 mánuðir árið 2019, 3,35 mánuðir árið 2018, 5,24 mánuðir árið 2017 og 6,87 mánuðir árið 2016.

Margir þættir hafa áhrif á styttingu málsmeðferðartíma milli ára, meðal annars góðir verkferlar og tækniframfarir, en fyrst og fremst ber þó að þakka góðum hópi starfsmanna sem starfar hjá úrskurðarnefndinni þann árangur sem náðst hefur frá stofnun nefndarinnar.



Guðrún Agnes Þorsteinsdóttir formaður

Skipan úrskurðarnefndar velferðarmála

Úrskurðarnefndin er annars vegar skipuð fjórum nefndarmönnum sem skipaðir eru í fullt starf til fimm ára og hins vegar átta nefndarmönnum og jafnmörgum til vara til fjögurra ára í senn, sbr. 2. gr. laga nr. 85/2015 um úrskurðarnefnd velferðarmála.

Nefndina skipa:

Skipaðir í fullt starf:

Guðrún Agnes Þorsteinsdóttir formaður
Hólmfríður Birna Guðmundsdóttir lögfræðingur
Kári Gunndórsson lögfræðingur
Rakel Þorsteinsdóttir lögfræðingur

Aðrir nefndarmenn:

Agnar Bragi Bragason lögfræðingur
Anna Rut Kristjánsdóttir lögfræðingur
Arnar Kristinsson lögfræðingur
Björn Jóhannesson lögfræðingur
Eva Dís Pálmadóttir lögfræðingur
Guðfinna Eydal sálfræðingur
Kristinn Tómasson læknir
Þórhildur Líndal lögfræðingur

Varamenn:


Ari Karlsson lögfræðingur
Erla Guðrún Ingimundardóttir lögfræðingur
Guðmundur Ómar Hafsteinsson lögfræðingur
Gunnar Sær Ragnarsson lögfræðingur
Helgi Viborg sálfræðingur
Jón Baldursson læknir
Margrét Gunnlaugsdóttir lögfræðingur
Unnþór Jónsson lögfræðingur

Málafjöldi

a) Fjöldi mála 2022

Á sjöunda starfsári úrskurðarnefndar velferðarmála bárust nefndinni samtals 598 kærur sem skiptast á eftirfarandi hátt eftir málaflokkum:


Kærur - málaflokkar	Fjöldi mála
Almannatryggingar	381
Atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir	128
Barnavernd	32
Félagsþjónusta og húsnæðismál	47
Fæðingar- og foreldraorlof	8
Greiðsluaðlögun	2
Óflokkað	0
Samtals:	598



b) Fjöldi mála 2016–2022

Í neðangreindri töflu og súluriti eru upplýsingar um skiptingu kæra milli málaflokka frá 2016, þ.e. frá stofnun úrskurðarnefndarinnar fram til ársins 2022.

Kærur - málaflokkar	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022
Almannatryggingar	327	319	334	385	375	363	381
Atvinnuleysistryggingar og vinnu- markaðsaðgerðir	37	59	39	71	171	196	128
Barnavernd	32	23	17	37	25	54	32
Félagsþjónusta og húsnæðismál	56	45	39	50	80	63	47
Fæðingar- og foreldraorlof	18	17	12	9	18	22	8
Greiðsluaðlögun	36	20	9	7	8	4	2
Óflokkað	0	4	4	0	2	1	0
Samtals:	506	487	454	559	679	703	598




Málaflokkar


Úrskurðarnefnd velferðarmála skal úrskurða í kærumálum vegna stjórnvaldsákvarðana eftir því sem mælt er fyrir um í lögum sem kveða á um málskot til nefndarinnar, sbr. 1. gr. laga nr. 85/2015. Þeir málaflokkar sem úrskurðarnefndin hefur til meðferðar koma fram í eftirfarandi sex liðum, meðal annars upplýsingar um skiptingu mála eftir því hvert ágreiningsefnið er. Í þeim kökuritum þar sem verið er að fjalla um niðurstöðu úrskurða er einungis verið að fjalla um efnislega niðurstöðu þeirra en ekki mál sem hafa verið framsend eða vísað frá.

a) Almennatryggingar


Nefndin úrskurðar í ágreiningsmálum er varða kærur vegna ákvarðana Sjúkratrygginga Íslands og Tryggingastofnunar ríkisins samkvæmt lögum nr. 100/2007 um almannatryggingar, lögum nr. 99/2007 um félagslega aðstoð, lögum nr. 112/2008 um sjúkratryggingar, lögum nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu og lögum nr. 45/2015 um slysatryggingar almannatrygginga. Einnig úrskurðar nefndin í kærumálum á grundvelli 14. gr. laga nr. 74/2020 um félagslegan viðbótarstuðning við aldraða.




Almannatryggingar: Niðurstöður úrskurða*




Lög nr. 100/2007 um almannatryggingar*




Lög nr. 99/2007 um félagslega aðstoð




Lög nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu*




Lög nr. 112/2008 um sjúkratryggingar*



Lög nr. 45/2015 um
slysatriggingar
almannatrygginga*



Lög nr. 74/2020 um
félagslegan viðbótarstuðning
við aldraða




* Þegar niðurstöðu máls er breytt er átt við að ákvörðun stjórnvalds hafi verið felld úr gildi og ný ákvörðun tekin eða að ákvörðun hafi verið staðfest að hluta til og ný ákvörðun tekin að hluta til. Þegar niðurstaða máls telst vera „Annað“ er átt við að nefndin hafi úrskurðað um hvort afgreiðsla stjórnvalds hafi verið brot á málshraðareglu stjórnsýslulaga.

b) Atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir


Samkvæmt lögum nr. 54/2006 um atvinnuleysistryggingar eru kæránlegar til úrskurðarnefndar velferðarmála ákvarðanir Vinnumálastofnunar um ágreiningsefni sem kunna að rísa á grundvelli laganna. Einnig eru kæránlegar ákvarðanir Vinnumálastofnunar sem teknar eru á grundvelli laga nr. 55/2006 um vinnumarkaðsaðgerðir, svo og ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli laga nr. 155/2020 um greiðslur til íþróttafélaga vegna launakostnaðar og verktakagreiðslna á tímum kórónuveirufaraldurs. Auk þess er kæránlegar ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli laga nr. 24/2020 um tímabundnar greiðslur vegna launa einstaklinga sem sæta sóttkví samkvæmt fyrirmælum heilbrigðisyfirvalda án þess að vera sýktir.




Atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir:
Niðurstöður úrskurða



Lög nr. 54/2006
um atvinnuleysistryggingar




Lög nr. 155/2020 um
greiðslur til íþróttafélaga
vegna launakostnaðar og
verktakagreiðslna á tímum
kórónuveirufaraldurs



c) Barnavernd


Samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2002 er heimilt að kæra margvíslega úrskurði og aðrar stjórnvaldsákvarðanir barnaverndarþjónustu, umdæmisráða barnaverndar og Barna- og fjölskyldustofu til úrskurðarnefndar velferðarmála.

Barnavernd:
Niðurstöður úrskurða




d) Félagsþjónusta og húsnæðismál

Nefndin úrskurðar í ágreiningsmálum er varða ákvarðanir félagsmálanefnda á grundvelli laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga. Ákvarðanir Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar sem teknar eru á grundvelli laga nr. 75/2016 um húsnæðisbætur og stjórnvaldsákvarðanir, sem teknar eru á grundvelli laga nr. 52/2016 um almennar íbúðir, eru kæranlegar til nefndarinnar sem og ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli laga nr. 44/1998 um húsnæðismál. Jafnframt er unnt að kæra til nefndarinnar ákvarðanir sveitarfélaga um þjónustu sem teknar eru á grundvelli laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.




Félagsþjónusta og húsnæðismál:
Niðurstöður mála*




* Þegar niðurstaða máls telst vera „Annað“ er í þessu tilfelli átt við að nefndin hafi úrskurðað um hvort afgreiðsla stjórnvalds hafi verið brot á málshraðareglu stjórnsýslulaga.


Lög nr. 40/1991 um
félagsþjónustu sveitarfélaga *




Lög nr. 75/2016
um húsnæðisbætur



Lög nr. 44/1998
um húsnæðismál




Lög nr. 38/2018 um þjónustu
við fatlað fólk með langvarandi
stuðningsþarfir




* Þegar niðurstaða máls telst vera „Annað“ er í þessu tilfelli átt við að nefndin hafi úrskurðað um hvort afgreiðsla stjórnvalds hafi verið brot á málshraðareglu stjórnsýslulaga.

e) Fæðingar- og foreldraorlof


Samkvæmt lögum nr. 144/2020 um fæðingar- og foreldraorlof er unnt að kæra til nefndarinnar ágreiningsefni sem kunna að rísa á grundvelli laganna. Einnig eru kærarlegar ákvarðanir Tryggingastofnunar ríkisins um réttindi foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna sem teknar eru á grundvelli laga nr. 22/2006 um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna.




Fæðingar- og foreldraorlofsmál:
Niðurstöður mála



Lög nr. 144/2020 um fæðingar-
og foreldraorlof




Lög nr. 22/2006 um greiðslur
til foreldra langveikra eða
alvarlega fatlaðra barna



f) Greiðsluaðlögun

Samkvæmt lögum nr. 101/2010 um greiðsluaðlögun einstaklinga eru tilteknar ákvarðanir umboðsmanns skuldara og umsjónarmanna með greiðsluaðlögunarumleitunum kærarlegar til úrskurðarnefndar velferðarmála.

Greiðsluaðlögun:
Niðurstöður úrskurða




Málsmeðferðartími

Eitt meginmarkmið úrskurðarnefndar velferðarmála er að afgreiða kærur innan þeirra tímamarka sem fram koma í lögum nr. 85/2015 um úrskurðarnefnd velferðarmála. Í 3. mgr. 7. gr. segir að nefndin skuli kveða upp úrskurð svo fljótt sem kostur er og að jafnaði innan þriggja mánaða eftir að henni berst mál nema sérstakar ástæður hamli. Málsmeðferðartími telst frá þeim tíma er kæra berst nefndinni og þar til úrskurður er kveðinn upp. Málsmeðferðartími allra þeirra mála sem afgreidd voru árið 2022 var að meðaltali 3,2 mánuðir. Árið 2021 var meðaltalið 4,1 mánuður, árið 2020 var meðaltalið 4 mánuðir, árið 2019 var meðaltalið 3,46 mánuðir, árið 2018 var meðaltalið 3,35 mánuðir, árið 2017 var meðaltalið 5,24 mánuðir og árið 2016 var meðaltalið 6,87 mánuðir.

Málsmeðferðartími einstakra málaflokka var eftirfarandi að meðaltali:

Málsmeðferðartími 2016-2022 í mánuðum



Ýmsar upplýsingar

a) Fjármál

Í lögum nr. 123/2015 um opinber fjármál er lögð sérstök áhersla á hugsun til lengri tíma, stöðugleika í fjármálum og betri reikningsskil. Þegar fjármál hins opinbera eru annars vegar er markmiðið ávallt að sérhver stofnun sé með gegnsætt bókhald og haldi sig innan þeirra fjárheimilda sem heimilaðar eru í upphafi.

Fjárveitingar til úrskurðarnefndar velferðarmála vegna ársins 2022 voru 208.400.000 krónur. Sértekjur og aðrar tekjur nefndarinnar voru alls 14.286.981 króna. Alls voru því til ráðstöfunar á árinu 222.686.981 króna. Rekstrarkostnaður úrskurðarnefndarinnar vegna ársins 2022 nam 226.396.144 krónum. Rekstrarafkoma var því -3.709.163 krónur.

b) Umboðsmaður Alþingis

Á árinu 2022 bárust úrskurðarnefndinni 24 erindi frá umboðsmanni Alþingis vegna kvartana frá kærendum eftir að úrskurðarnefnd velferðarmála hafði úrskurðað í umræddum málum. Meirihluti málanna vörðuðu almannatryggingar eða samtals tíu mál, sjö mál félagsþjónustu og húsnæðismál, sex atvinnuleysistryggingar og eitt barnavernd. Í lok árs var átta málum ólokið. Ellefu málum lauk án aðgerða, einu máli lauk með ábendingu til úrskurðarnefndarinnar og fjórum málum lauk með ákvörðun nefndarinnar um að taka málin aftur upp að eigin frumkvæði.

Á árinu 2022 veitti umboðsmaður Alþingis álit í einu máli sem barst árið 2021 og lauk því með ábendingu til nefndarinnar. Einnig lauk umboðsmaður einu máli sem barst árið 2020, sem lauk með ábendingu til nefndarinnar.

Mál sem bárust árið 2022

Almannatryggingar	10
Atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir	6
Barnavernd	1
Félagsþjónusta og húsnæðismál	7
Fæðingar- og foreldraorlof	0
Greiðsluaðlögun	0
Samtals	24

Afgreiðsla mála árið 2022

Málum lokið án aðgerða	11
Máli lauk með ábendingu til nefndarinnar	1
Úrskurðarnefndin tók mál upp í kjölfar álits umboðsmanns	4

Mál sem bárust árið 2021 en voru afgreidd árið 2022

Atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir	1
Málinu lauk með ábendingu til úrskurðarnefndarinnar	


Mál sem bárust árið 2020 en voru afgreidd árið 2022

Félagsþjónusta og húsnæðismál	1
Máli lauk með ábendingu til nefndarinnar	

c) Ýmsar tölfraeðilegar upplýsingar

1. Afgreiðsla heildarfjölda mála





Úrskurðarnefnd velferðarmála afgreiddi samtals 696 mál á árinu 2022 með eftirfarandi hætti. Þar undir eru mál sem bárust árið 2022 svo og mál sem borist höfðu fyrir þann tíma en voru ekki afgreidd fyrr en á árinu 2022.



* Þegar niðurstaða máls telst vera „Annað“ er í þessu tilfelli átt við að nefndin hafi úrskurðað um hvort afgreiðsla stjórnvalds hafi verið brot á málshraðareglu stjórnslulaga.

2. Niðurstaða úrskurða eftir stjórnvöldum

Eftirfarandi kökurit sýna niðurstöðu úrskurða árið 2022 eftir stjórnvaldi þegar úrskurðarnefndin hefur tekið afstöðu til ágreinings:



* Þegar niðurstöðu máls er breytt er átt við að ákvörðun stjórnvalds hafi verið felld úr gildi og ný ákvörðun tekin eða að ákvörðun hafi verið staðfest að hluta til og ný ákvörðun tekin að hluta til. Þegar niðurstaða máls telst vera „Annað“ er í þessu tilfalli átt við að nefndin hafi úrskurðað um hvort afgreiðsla stjórnvalds hafi verið brot á málshraðareglu stjórnsýslulaga.


Húsnæðis- og
mannvirkjastofnun



100%

■ Staðfest

Vinnumálastofnun



■ Staðfest ■ Felld úr gildi


Umboðsmaður skuldara



100%

■ Staðfest


Sýslumaðurinn á
höfuðborgarsvæðinu



100%


■ Staðfest

Reykjavíkurborg



■ Staðfest ■ Annað

Önnur sveitarfélög



■ Staðfest ■ Felld úr gildi ■ Annað

* Þegar niðurstöðu máls er breytt er átt við að ákvörðun stjórnvalds hafi verið felld úr gildi og ný ákvörðun tekin eða að ákvörðun hafi verið staðfest að hluta til og ný ákvörðun tekin að hluta til.

